



6.5.1. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Almennt

Í grein 6.5.1 í byggingarreglugerð segir:

„Handrið skal vera á öllum svölum bygginga, stigum, tröppum, pöllum, skábrautum og annars staðar þar sem hættu er á falli.

Handrið og handlistar skulu vera af fullnægjandi efnisgæðum og styrk og uppfylla allar kröfur til burðarþols og endingar sem fram koma í þessari reglugerð og þeim stöðlum sem hún vísar til. Handrið skal hanna þannig að það verji fólk falli og að ekki séu möguleikar á að klifra í því.

Handrið/handlistar skulu vera báðum megin á öllum stigum/tröppum og skábrautum. Víkja má frá þessu í íbúðarhúsnæði ef lyfta er í húsinu og stigin liggur að vegg. Á stiga eða tröppu sem er 0,9 m breið eða mjórri, sbr. 6.4.8. gr. og liggur að vegg er þó heimilt að hafa eitt handrið/handlista. Einnig er heimilt, í byggingum þar sem ekki er gerð krafa um algilda hönnun, að sleppa öðrum handlista í stigum sem eru mjórri en 1,30 m og liggja að vegg, ef sýnt er fram á að unnt sé að koma handlista fyrir síðar þannig að uppfylltar séu kröfur um lágmarksbreidd stiga.


Mesta bil milli handriða í stigum/tröppum/skábrautum má vera 2,70 m. Fari breiddin yfir það skal bæta við auka handlistum.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

Í 4. mgr. 6.5.1 gr. segir: „Mesta bil milli handriða í stigum/tröppum/skábrautum má vera 2,70 m. Fari breiddin yfir það skal bæta við auka handlistum.“

Auka handlistinn er til þess að veita fólk meira öryggi í breiðum stigum, skábrautum og tröppum.



Mynd 1. Auka handlisti í stigum/tröppum/skábrautum, öll mál í mm